

Reykjavík 18.4. 2018

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940
(bann við umskurði drengja), þingskjal 183, 114. mál.**

Ég skrifa þessar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp sem sérfræðingur í gyðingdómi fornaldar og frumkristni. Allir kannast við þann andsemítisma eða gyðingahatur sem gyðingar hafa mátt þola í gegnum tíðina. Í nútímanum náði slíkt hatur auðvitað hámarki í Þýskalandi nasismans í seinni heimstyrjöldinni. En einmitt eftir það áfall í mannkynssögunni, þá hræðilegu afhjúpun á mannlegu eðli, byrjuðu sérfræðingar í sögu frumkristni fyrir alvöru að rannsaka hina fyrstu kristnu sem gyðinga, að rannsaka frumkristni sem upphaflegan hluta af gyðingdómi. Á þetta ekki síst við um Pál postula, en það er engum blöðum um það að fletta að Páll postuli er einn af helstu hugmyndasmiðum kristindómsins. Eitt af stærstu viðfangsefnum í pálsfræðum um þessar mundir er einmitt spurningin um tengsl Páls við gyðingdóm og hið gyðinglega lögmál, og eitt av stærstu vandamálunum sem pálsfræðingar standa frammi fyrir er sá mótsagnarkenndi boðskapur sem virðist vera í bréfum Páls í þessu sambandi. Annars vegar virðist hann hafna lögmálinu, umskurninni og gyðingdómi, sbr. 2. kafla Rómverjabréfsins þar sem hann virðist skv. hefðbundinni túlkun saka gyðinga um hræsni í lögmálsfyrirfylgni sinni og hafna gildi umskurnarinnar. Hins vegar ítrekar hann gagnsemi þess að vera gyðingur sem og gagnsemi umskurnarinnar (Róm 3.1) og hann leggur áherslu á raunveruleg forréttindi gyðinga, sbr. Róm 9.4-5.

Eftir seinni heimstyrjöldina varð mörgum ljóst að það voru tengsl á milli tilraunar nasista til að útrýma gyðingum og andgyðinglegra hugmynda meðal kristinna manna. Einhver umræða og endurskoðun fór líka af stað varðandi sambandið á milli kristinna og gyðinga. En slík endurskoðun skilaði sér seint inn í rannsóknir á frumkristni og gyðingdómi fornaldar. Hjá flestum fræðimönnum mátti sjá hið hefðbundna viðhorf að Páll hafi á ákveðnum tímavörðum snúið baki við gyðingdóminum og gengið til liðs við nýjan átrúnað, kristindóminn. Páll gerðist allso „kristinn“ og stór hluti af starfi hans fór í það að gagnrýna gyðinga og færa rök fyrir því að gyðingdómurinn væri einungis „gamall“, úreltur sáttmáli sem ekki er lengur í gildi. Páll hætti að vera gyðingur og tók að boða „lögmálsfrítt fagnaðarerindi“ fyrir allt mannkyn, skv. þessari skoðun.

Hópur pálsfræðinga sem fer ört stækkandi, sérstaklega meðal ungra fræðimanna í Bandaríkjunum, hefur gagnrýnt þetta viðhorf, en þetta er hópur sem kennir sig við nálgun sem kallast „Páll innan gyðingdóms“ viðhorfið („Paul within Judaism“) þar sem megináherslan liggur í því að skoða Pál algjörlega innan gyðingdóms. Almennt má segja að þeir fræðimenn sem fylgja „Páll innan gyðingdóms“ viðhorfinu eigi það sameiginlegt að ganga út frá þeirri forsendu að Páll hafi að öllu leyti tilheyrt gyðingdómi, ekki að hann hafi yfirgefið gyðingdóminn. „Páll innan gyðingdóms“ viðhorfið leggur þannig áherslu á það að kristindómurinn hafi ekki verið til á tímum Páls, enda talar hann aldrei um

„kristna“. Hvað lögmálið varðar er Páll einungis neikvæður gagnvart því í tengslum við spurninguna um það hvort fólk af heiðnum uppruna eigi að fylgja því eður ei. Hann er m.ö.o. ekki neikvæður gagnvart lögmálinu í samhengi gyðinga, einungis fólks af heiðnum uppruna. Það sama gildir um umskurnina. Það er mikilvægt í þessu sambandi að hafa í huga að Páll mælir ekki almennt gegn umskurninni, einungis gegn því að karlmenn af heiðnum uppruna láti umskerast og gerist þannig gyðingar. Gyðingar eiga hins vegar áfram að umskerast og gildi umskurnarinnar er ótvírætt fyrir gyðinga, sbr. Róm 3.1: „Hvað hefur þá gyðingurinn fram yfir aðra? Eða hvert er gagn umskurnarinnar? Mikið á allan hátt“. ”Mikið á allan hátt“, þ.e.a.s. í samhengi gyðinga, ekki annarra. Umskurnin, sem framkvæmd er á áttunda degi á nýfæddum drengjum, er tákni sáttmála Guðs við Ísrael og er og hefur alltaf verið órjúfanlegur þáttur í trúariðkun gyðinga. Hún er grundvallaratriði í sjálfsmynd og auðkenni gyðinga. Því hefur oft verið haldið fram og er oft haldið fram í umræðum dagsins um umskurn að Páll hafi mælt almennt gegn umskurn. En ef vel er að gáð kemur í ljós að þetta er alrangt. Páll hafnar ekki umskurninni sem slíkri, ekki fyrir gyðinga. Því er líka oft haldið fram að Páll hafi boðað að umskurnin skipti ekki máli, að hún sé aukaatriði í heildarmyndinni. Ekkert gæti verið fjarri sanni: Eins og ég hef bent á er umskurnin skv. Páli grundvallaratriði fyrir gyðinga, sbr. Róm 3.1. Annað grundvallaratriði hjá Páli er að karlar af heiðnum uppruna skuli ekki umskerast, að þeir gerist ekki gyðingar. Hvort formerkið sem um er að ræða er umskurnin m.ö.o. grundvallaratriði í guðfræði Páls postula, þ.e.a.s. sú grundvallarforsenda að gyðingar gangist undir umskurn, en aðrir ekki.

Kjarnaatriðið í ofangreindu er þetta: Kristin túlkunarsaga og þar með túlkunarsaga Vesturlanda á gyðingdómi til forna og frumkristni hefur verið undir miklum áhrifum frá andsemítisma, m.a. þeirri viðteknu skoðun að Páll postuli hafi hafnað umskurninni og þar með gyðingdómi, enda felur höfnun á umskurninni sjálfkrafa í sér höfnun á gyðingdómi. Fræðimenn eru smátt og smátt að afhjúpa þennan andsemítisma í túlkunarsögunni og leiðrétta þessa skaðlegu hugmyndafræði. Fyrirliggjandi umskurðarfrumvarp er svo sannarlega ekki skref í rétta átt í þessu sambandi. Ef það verður að veruleika felur það í sér glæpavæðingu á gyðingdómi sem væri vatn á myllu gyðingaandúðar, ekki síst í Evrópu þar sem andsemítismi hefur farið vaxandi á undanförmum misserum. Það má með sanni segja að slík glæpavæðing hafi ekki sést frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Flestir geta væntanlega verið sammála um það prinsípatriði að það beri ekki að skaða börn. En málið er ekki svo einfalt. Það þarf að skoða málið í víðara samhengi. Það þarf að skoða mögulegar afleiðingar glæpavæðingarinnar fyrir þjóðfélagshópa eins og gyðinga sem hafa mátt sæta ofsóknum í gegnum aldirnar. Ég óttast að slíkar afleiðingar séu öllu verri en umskurnin sem slík, enda hafa aðrar þjóðir heimsins ekki stigið þetta óheillavænlega skref. Í þessu ljósi fer ég þess á leit við viðeigandi aðila að þeir samþykki ekki frumvarpið í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

Dr. Rúnar M. Þorsteinsson

Prófessor í nýjatestamentisfræðum við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands